**Grænni byggð – Green Building Council Iceland**

Stjórnarfundur # 30

**Staðsetning fundar:** Teams

**Dagsetning:** 18.02.2021 kl. 15:00

**Mætt eru:** Alexandra, Bjarni, Olga, Ragnar, Kristjana, Sirrý, Ólafur

**Fundarritari:** Alexandra

Stjórnarmeðlimir:

- Alexandra Kjeld (AK) – EFLA verkfræðistofa - alexandra.kjeld@efla.is
- Bjarni Þór Þórólfsson (BÞÞ) – Búseti – bjarni@buseti.is
- Kristjana Ósk Jónsdóttir (KÓJ) – Reitir fasteignafélag – kristjana@reitir.is
- Olga Árnadóttir (OÁ) – Framkvæmdasýsla ríkisins – olga.a@fsr.is
- Ólafur Haralds Wallewik (ÓHW) – Rannsóknarstofa byggingariðnaðarins – olafurw@ru.is / olafur.w@nmi.is
- Ragnar Ómarsson (RÓ)– Verkís verkfræðistofa – rom@verkis.is
- Sigríður Ósk Bjarnadóttir (SÓB) – VSÓ ráðgjöf - sigridur@vso.is

Stjórnun og skipulagning fundar:

- Þórhildur Fjóla Kristjánsdóttir (ÞFK) – Framkvæmdastjóri Grænni byggðar – tk@graennibyggd.is

**Dagskrá fundar 18.02:**

1. **Fundargerð síðasta fundar**
2. **Fréttir úr starfinu**
3. **Dagur Grænni byggðar**
4. **Stefnumótunarfundur og markáætlun**
5. **Ýmis mál**

1. **Fundargerð síðasta fundar**
   Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. **Fréttir úr starfinu**

- Kynningarfundur 18.2. um samstarfsverkefnið Byggjum grænni framtíð. Vel heppnað framtak og löngu tímabært. Nær yfir virðiskeðju byggingargeirans og rætt var nauðsyn þess að heyra raddir allra aðila.
- Morgunfundur með IÐUNNI – Ríkharður og Sylgja – áhugaverð erindi og fjölbreytt viðhorf við vistvænnar mannvirkjagerðar.
- Spjall við Grænni byggð hjá Loftslagsráði sjálfstæðisflokksins.
- Íslandsbanki – vinnufundir. Íslandsbanki er nýr aðili GB, fyrstur fjármálastofnana á Íslandi.
- Norrænt samstarf
- Lágorkuhússtaðall
- Vinnustofa um Hringrásarhagkerfið
  - Byggingar og verktakastarfsemi 9,53% af GDP
  - Mesti úrgangurinn, flest starfsfólk og mesta auðlindanotkunin
  - Byggingar og fasteignageirinn metinn sem mikilvægastur varðandi hringrásarhagkerfið á Norðurlöndum

GB lagði fram **umsögn við uppfærða aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar í loftslagsmálum**, þar sem lagt var til að meiri áhersla yrði lögð á fjárhagslega hvata í aðgerðaráætluninni – sbr. lægri lóðagjöld, lægri gatnagerðargjöld, lægri kolefnisspor byggingar/framkvæmdar, flýtimeðferð fyrir umhverfisvænar byggingar og framkvæmdir, umbun varðandi endurnýtingu efna við niðurrif. Umsagnir GB hafa á síðustu misserum skilað miklu, sbr. umsögn við drög að aðgerðum við loftslagsmálum, umsögn við uppfærð drög o.fl.

**Viðburðir framundan:**
- Morgunfundur með IÐUNNI 25. febrúar
- Vinnustofur í BGF 3. – 10. mars ca
- Hádegisfundur um Finance: The driving force for sustainability – 11. mars
- Morgunfundur um orkuskipti á framkvæmdastað 23. mars – 1 klst fundur með Landsvirkjun
- Aðalfundur 21. apríl
- BGF kynningarfundur með stjórnvísi – apríl?
- Hádegisfundur um Carbon footprint of buildings – case studies 28. apríl

3. **Dagur Grænni byggðar**

Skipuð var nefnd til að ræða fyrirkomulag og dagskrá og lagt var til að fresta viðburði þangað til í september. Dagurinn var haldinn seinast í september 2020 og ekki sérstök ástæða til þess að halda viðburðinn að vori. Dagskrárefni voru rædd; hvatar, vistvænar áherslur – fyrirlesarar, hringrásarhugsun í öðrum löndum, samstarf við WGBC o.fl. Nordic Climate Forum ráðstefnan verður haldin á Íslandi í lok september og stýrð af HMS. Ræddur var sá möguleiki að spyrða viðburðum saman og hafa Dag Grænni byggðar beint í kjölfarið á NCF. Sett í nefnd.

## 4. Stefnumótunarfundur og markáætlun

RÓ gerði grein fyrir markáætlun og fundarboð var send út á aðildafélaga í tölvupósti þann 16. febrúar 2021, þar sem aðildafélögum var boðið að taka þátt í stefnumótun á fjarfundi þann 17.3.2021.
Næst verður send út könnun með einföldu sniði, sem aðilar geta svarað óháð þátttöku á stefnumótunarfundi. Aðilar verða beðnir um að forgangsraða framsettum áherslum.
Á fundinum verða niðurstöður úr könnun settar fram. Markmið fundar er að vinna úr niðurstöðum könnunar, setja fram markáætlun. Áætlun hvers árs er svo mótuð og útfærð af stjórn GB, og er hún lögð fram á aðalfundi árlega.




*Uppfærð tímaáætlun*

**Stefnumótun GB**
**tímalína stjórnar**

| VIKA | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| MARKADAGUR | 20.1.2021 | 27.1.2021 | 3.2.2021 | 10.2.2021 | 17.2.2021 | 24.2.2021 | 3.3.2021 | 10.3.2021 | 17.3.2021 | 24.3.2021 | 31.3.2021 | 7.4.2021 | 14.4.2021 | 21.4.2021 |
| ÁÆTLUN: | **Undirbúnings-fundur stjórnar** | | | | **Fundarboð sent** | | | | **Stjórnenda-fundur** | | **Niðurstaða (skýrsla) send til aðildarfélaga** | **Starfsáætlun stjórnar tilbúin** | | **Aðalfundur** |
| VERKEFNI: | | Uppsetning á spurningarlista til stjórnenda.<br>Leiðbeiningar um framkvæmd stjórnenda-fundar útbúnar. | | | Fundarboð með spurningalista sent á stjórnendur aðildarfélaga | | Tekið við innsendum spurninga-listum<br>Úrvinnsla og uppsetning á fundarskjölum | Uppsetning á fundarskjölum lokið | Undirbúningur fyrir fund. Ávarp stjórnar-formanns. | Úrvinnsla úr niðurstöðum stjórnenda-fundar | Starfsáætlun stjórnar mótuð | | | |

Unnin verður könnun í næstu viku og stefnt að því að senda hana út í lok næstu viku, u.þ.b. 25. – 26. febrúar. Stefnt verður að því að aðilar skili inn svör við könnunum 3. mars og að hægt verði að vinna úr niðurstöðum í kjölfarið.

5. **Ýmis mál**

Rædd voru markaðs- og kynningarmál og hvernig GB getur náð til breiðari hóps, þ.e. hvernig góð vinna og umræða getur skilað sér betur út til almennings.

Send voru út aðildagjöld í lok febrúar. Ekki er búið að fá svör frá UAR eða Loftslagssjóði. Þörf er á fjölbreyttari tekjustofnum sem að aðild að WGBC veitir mögulega aðgang að.

Fundi slitið 16:30